

## **Minningarsjóður um háskólarektor, dr. Þorkel Jóhannesson.**

Stofnaður hefir verið minningarsjóður við Háskólann um háskólarektor, dr. Þorkel Jóhannesson, með framlögum vina hans, samstarfsmanna og ýmissa stofnana, sem hann var tengdur. Hlutverk sjóðsins verður að stuðla að rannsóknum og fyrirlestrahaldi um íslenska sagnfræði, einkum síðari alda.